

Myndlistarráð

Fundur nr. 20/2024

Fimmtudaginn 16. maí, kl. 15:00
Gimli, Lækjargata 3, 101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM), Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir MM og Tinna Guðmundsdóttir, verkefnastjóri MM.

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 11. apríl 2024 samþykkt.
2. Seinni úthlutun myndlistarsjóðs
 - Tinna greinir frá að til ráðstöfunar sé 34.000.000 kr. fyrir næstu úthlutun úr myndlistarsjóði. Hún er í samtali við skrifstofu fjármála og gæðamála í Menningar- og viðskiptaráðuneytinu varðandi styrki sem ekki hafa verið greiddir út síðustu ár. Einhverjir styrkir falla niður og mögulega er hægt að flytja þá yfir á þetta fjárlagaár.
 - Tinna kynnir lagfæringar á umsóknareyðublaðinu, eins og var rætt á síðasta fundi þarf að bæta við spurningu um hvort verkefnið sé myndlistarhátíð, vinnustofa eða annað. Ákveðið að bæta einnig við valkostunum einkasýning og samsýning.
 - Tinna fer yfir helstu dagsetningar fyrir næstu úthlutunarlotu. Næsti umsóknarfrestur er ákveðinn mánudaginn 19. ágúst 2024. Opnað verður fyrir umsóknir í byrjun júní. Tinna mun byrja undirbúning fyrir lotuna á næstu dögum. Næstu fundir myndlistarráðs verða 10. júní, 21. ágúst og 23. september.
3. Umsögn myndlistarráðs um frumvarp til laga um listamannalaun
 - Umræður. Ákveðið að skrifa umsögn og senda inn. Ásdís mun gera drög og deila með ráðinu.
4. Samræmingarfundur
 - Umræður. Ákveðið að halda samræmingarfund í haust, með þeim aðilum sem koma að myndlistarstefnunni.
5. Sérverkefni myndlistarráðs
 - Umræður. Ákveðið að ræða aftur eftir samræmingarfund.
6. Önnur mál
 - Tinna leggur til að öll skilyrði, viðmið og reglur varðandi myndlistarsjóð verði tekið saman í eitt skjal og lagt fyrir myndlistarráð. Ákveðið að taka fyrir á næsta fundi.
 - Rætt um samstarfssamninga. Ákveðið að taka fyrir á næsta fundi.
 - Umsóknarfrestur fyrir ISCP gestavinnustofudvöl í New York er mánudaginn 3. júní. Í kjölfarið þarf myndlistarráð að setja saman forvalslista. Ákveðið að fara yfir umsóknir strax að lokum hefðbundnum myndlistaráðsfundi og senda niðurstöðu til Myndlistarmiðstöðvar.

Fundi slitið kl. 16:20

Næsti fundur haldinn mánudaginn 10. júní 2024 kl. 15:00.